

Stjórnarfundur Ungmennadeildar 19.07.21

Mættar eru Rannveig Gauja, Erna Sigríður og Theodóra. Theodóra ritar fundinn.

Fundur settur kl. 18:30.

Stjórnin hefur frá síðasta formlega fundi afgreitt mál og verkefni gegnum netið.

Rannveig Gauja hélt ásamt stjórn deildarinnar (Ernu og Theodóru) helgarnámskeið fyrir landslið ungra sýnenda 2020 þar sem Nordic Winner keppnin 2020 var felld niður. Þorbjörg Ásta kom sem gestþjálfari. Fékk deildin aðstöðu hjá hrossaræktunarbúinu Brekku á laugardegi án endurgjalds, þökkum við þeim kærlega fyrir, gist var í bústað félagsmanns og aðstöðu til æfingar á sunnudeginum hjá ræktunarbúinu Austurási á selfossi án endurgjalds, þökkum við þeim kærlega fyrir.

Hvolpasýning HRFÍ var haldin 12 júní þar sem keppni ungra sýnenda var haldin, keppnin taldi til stiga í lok árs. 5 skráningar voru í yngri flokk og 9 í eldri flokk. Úrslit má finna á heimasíðu deildarinnar. 2 sýningarþjálfanir voru haldnar fyrir keppnina þar sem skráningargjald var 1000kr sem renna beint í styrktarsjóð deildarinnar.

Haldið var sýnendanámskeið fyrir unga sýnendur þar sem þjálfarar voru Rannveig Gauja, landsliðsþjálfari, Erna Sigríður og Ylfa Dögg. Skráning var mjög góð eða alls 14 byrjendur og 9 vanir, alls var námskeiðið 3 verkleg skipti og 1 fyrirlestur um byggingu hunda sem Theodóra hélt. Fengu þátttakendur fræðslumöppu heim með verkefnum.

Dýrheimar buðu Ungmennadeild að taka þátt á æfingarsýningu Royal Winner 8.júlí sl. sem deildin þáði. Æfingin gekk vel, 7 skráningar voru í yngri flokk og 11 skráningar í eldri flokk, 10 mættu. Eldri flokkur fékk óvænta hunda á staðnum og stóðu allir sig með þryði. Birta Dröfn var þjálfari. Úrslit má finna á heimasíðu deildarinnar. Þökkum við Dýrheimum kærlega fyrir gott samstarf.

Ákveðið var að Rannveig Gauja og Erna myndu halda annað námskeið í ágúst nk. þar sem fyrra námskeið gekk vonum framár. Fyrirkomulagið virtist henta betur en stakar þjálfanir þar sem auðveldara var að byggja ofan á reynslu og þekkingu krakkanna. Sjá auglýsingu á heimasíðu deildar.

Dagskrá fundarins 19.07.21:

1. Skipulagning námskeið í ágúst
 - a. Rannveig Gauja og Erna munu sjá um námskeiðshald í ágúst. 4 skipti samtals, skráning er hafin á heimasíðu ungmennadeildar. Þáttökugjald rennur allt til deildarinnar. Þegar fundurinn er ritaður eru komnar 14 skráningar.
 - b. Verðum að takmarka aðeins fjölda skráninga vegna húsnæðismála, ræðum samt sem áður möguleikann á að bæta við þriðja þjálfara.
 - c. Þurfum að breyta dagsetningum, byrjum 4. Ágúst, 9. Ágúst, 11. Ágúst og 16. Ágúst.
 - d. Skráningarfrestur til 30. Júlí. Rannveig Gauja auglýsir aftur.

- e. Ekki verður hefðbundin þjálfun fyrir ágústsýningu.
2. Ágústssýning
- a. Tvöföld keppni ungra sýnenda, báðar keppnir telja til stiga.
 - b. Dómarar verða að öllu óbreyttu, Anton J. Hlebarov frá Búlgaríu annan daginn og hinn Tino Pehar frá Króatíu.
 - c. ATH! Landslið verður tilkynnt á sunnudegi þar sem nóvembersýning HRFÍ er haldin svo seint. Landslið tilkynnt með þeim fyrirvara að Nordic Winner verði haldið..
 - i. Nóvembersýning mun áfram telja inni til stigahæstu keppenda ársins varðandi erlendar keppnir á næsta ári.
 - ii. Erna sér um að gera frétt fyrir heimasíðuna varðandi þetta.
 - d. Rannveig Gauja og Erna verða fulltrúar stjórnar ungmennadeildar á sýningunni.
3. Ungmennadeildardagur
- a. Stefnum á ungmennadeildardag 10. Október með fyrirvara um dagskrá stjórnarmeðlima í haust. Auglýst betur síðar.
 - b. Ræðum um að halda barnaflokk, yngri flokk og eldri flokk, mögulega fullorðinsflokka.
 - c. Fjáröflunartækifæri fyrir deildina.
 - d. Kökubasar? Virkja eldri sýnendur?
 - e. Deildin á eitthvað af róshettum
 - f. ATH þegar nær dregur með styrktaraðila.
4. Sýningar erlendis
- a. Rannveig Gauja ræddi við foreldra í fyrra, ákveðið að meta stöðuna og ákvörðun væri í lokin í höndum foreldra.
 - b. Crufts 2021 var felld niður í mars á þessu ári.
 - c. Stefnt að því að halda heimssýningu 2021 í Tékklandi mánaðarmótin sept/okt.
 - i. Bergdís er skv. Hefðum þá fulltrúi ungmennadeildar/HRFÍ á þessari sýningu.
 - ii. Falli sýningin niður ætti hún inni ferðastyrk á meðan hún hefur aldur til að keppa sem ungur sýnandi.
 - d. Evrópusýning 2021 er einnig enn á plani í Ungverjalandi 30. desember- 2. janúar.
 - i. Stefanía Stella er skv. Hefðum þá fulltrúi ungmennadeildar/HRFÍ á þessari sýningu.
 - ii. Falli sýningin niður ætti hún inni ferðastyrk á meðan hún hefur aldur til að keppa sem ungur sýnandi.
 - e. Þriðji stigahæsti sýnandi 2020
 - i. Þriðji stigahæsti sýnandi 2020 er Hrönn, Hrönn fær ferðastyrk fyrir keppni erlendis í ungum sýnendum.
 - f. Erna verður í sambandi við forráðamenn varðandi framhaldið.
5. Norðurlandamót 2021
- a. Mótið verður haldið í Danmörku í nóvember
 - b. Landsliðsæfingar hefjast að lokinni ágústssýningu.
 - i. Landslið verður tilkynnt á ágústssýningu að lokinni seinni keppni.

1. Sjá reglur um stigagjöf á heimasíðu deildarinnar og HRFÍ, liður 79 undir sýningarreglum HRFÍ.
 - a. 1. Sæti 40 stig
 - b. 2. Sæti 30 stig
 - c. 3. Sæti 20 stig
 - d. 4. Sæti 10 stig
- c. Rannveig Gauja er landsliðspjálfi.
6. Fjármál deildar
 - a. Stjórnin hefur óskað eftir fund með stjórn HRFÍ varðandi fjármál deildarinnar, skoðunaraðgang að reikning hennar og hver staða styrktaraðila deildarinnar sé.
 - b. Mikilvægt að hafa öll svona mál á hreinu fyrir komandi stjórnir og framtíð deildarinnar.
 - c. Rætt um áframhald námskeiða varðandi bensínstyrk etc, til þjálfara. Eins og er er allt unnið í sjálfboðavinnu og þjálfarar greiða með hverri þjálfun í rauninni. Tökum stöðuna í haust varðandi ákvörðun fyrir næsta ár.
7. Rætt um starfsreglur
 - a. Ræðum aftur mikilvægi þess að setja deildinni starfsreglur og fá samþykktar hjá stjórn HRFÍ.
 - b. Nauðsynlegt fyrir komandi stjórnir og framtíð deildarinnar.

Afgreiðum næstu mál gegnum netið vegna fjarveru Theodóru v. Barneignar. Rannveig Gauja og Erna verða í forsvari fyrir stjórnina á meðan Theodóra sinnir því.

Fundi slitið kl 20:00